

Foreldrafélagsfundur leikskólans Lyngholts.

26.08.25 kl 16:15

Fundinn sátu:

Elísabet formaður

Aneta

Helena ritari

Gerður gjaldkeri

Lotta skólasjóri

- Íþróttaskólinn byrjar 20.08.25, og verður áfram á laugardögum milli 10:00-11:00. Elísabet græjar auglýsingu.
- Töluðum um að senda út reglur fyrir íþróttaskólann, alltof mikið kaos stundum.
- Fórum yfir facebook síðu foreldrar Lyngholt og tókum út nokkra sem eru ekki lengur með börn á leikskólanum.
- Veltum fyrir okkur hvort við ættum að fá t.d einhvern sem er að æfa hjá Va í að stilla upp þrautabraut fyrir krakkana ef verður mikil ringulreið í íþróttaskólanum.
- Elísabet og Aneta láta af störfum félagsins í október, hver kemur í staðin? Æskilegt er að hafa foreldri í félaginu af hverri deild en ekki skylda, skrifa það inn í auglýsingu um aðalfundinn sem verður í október. Væri mjög sniðugt að hafa starfsmann leikskólann með í félaginu.
- Elísabet fer í að athuga með nýja meðlimi í stjórn foreldrafélagsins.
- Aðalfundur foreldrafélags leikskólans Lyngholts fer fram 07.10.25 klukkan 20:00, Gerður ætlar að gera auglýsingu fyrir hann.
- Við ætlum að skoða laga breytingarnar fyrir þriðjudaginn 02.09.25, hugmynd að fjölga meðlimum upp í 6.
- Stefnt er að að fá hana Erlu Björnsd. Svefnráðgjafa til okkar 23.09.25 með fyrirlestur um svefn, leikskólinn Dalborg eskafirði og leikskólinn Kæribær á fáskrúðsafirði ætla að vera með í því, tímasetning á fundinum er um kl 19:30. Helena búr til event á fyrirlesturinn.
- Hugmynd að fá Erlu svo í tíma hjá unglíngastiginu með fræðslu um svefn.
- Við viljum fá inn fræðslu um **Snemmtæka íhlutun** sem er málörvun fyrir börn. Lísá Lotta verður í samráði við Björgu kennsluráðgjafa í grunnskólanum að bjóða upp á c.a klukkustunda fund um þetta málefni, stefnum að 1 vikuna í nóvember, fra kannski 17:30-18:30.
- Helena ætlar að benda foreldrum á Múlarétt í Fljóttdal sem verður laugardaginn 13 september næstkomandi, og hvetja foreldra að kíkja í Skriðuklaustur í leiðinni og fá sér kaffi.
- Lísá Lotta mun senda foreldrum barna í leikskólanum póst til að benda nýjum foreldrum á facebook síðuna Foreldrar Lyngholts.
- Gerður græjar svo auglýsingu um viðburði haustsins.
- Næsti fundur verður 24.09.25 kl 16:17
- Gengur vel að innheimta félagsgjöld
- Fundi slitið kl 17:40